

VIÐAUKI II

UMSAGNIR UM STEFNUMARKANDI LANDSÁÆTLUN OG UMHVERFISSKÝRSLU HENNAR

Tafla 1. Umsagnir um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára. Umsagnir eða hlutar þeirra sem fjölluðu um stefnumörkun innviðaupbyggingar og innleiðingu stefnumarkandi landsáætlunar. Rétt er að nefna að margar af þeim umsögnum og ábendingum sem bárust lúta meira að innleiðingu stefnumótunarinnar og verður litið til þeirra við þá vinnu.

#	Aðili og dags.	Efni	Afgreiðsla/Hvernig tekið hefur verið tillit til umsagna
1	Ungir umhverfissinnar 25.2.2018	Ungir umhverfissinnar fagna gerð áætlunarinnar og heildrænni nálgun hennar. Vakin er athygli á aðgangsgjöldum að ferðamannastöðum í gegnum bílastæðagjöld, t.d. myndgreiningu bílnúmera og öðrum gjöldum fyrir veitta þjónustu. Slík gjöld geti reynst umdeild í samfélaginu og á meðal heimamanna og annarra gesta sem staði sækja heim. Gjöld sem þessi geti þrengrt að almannarétti í augum almennings og því mikilvægt að líta ekki á slíka gjaldtöku sem skammtímalausn vegna tekjuöflunar eða stýringar.	Ábendingar vegna innleiðingar.
2	Rannsóknamiðstöð ferðamála 26.2.2018	RMF fagnar gerð áætlunarinnar og þeirri vinnu sem nú lítur dagsins ljós. RMF tiltekur mikilvægi þess að nýta niðurstöður rannsókna við stefnumótun og ákvarðanatöku sem og verkfæri sem þróuð hafa verið innan ferðamálafræði. Tilgreind eru fimm atriði sem hafa má í huga við lokafrágang stefnunnar: a) Skýra þarf ábyrgðaraðila með framkvæmd einstakra þátta stefnunnar og á þetta bæði við samantekt áherslna á bls. 5-6 og einstök áhersluatriði. b) Skýra og þrengja þarf skilgreininguna á hugtakinu ferðamannastaður [skilgreining skv. lögum nr.20/2016] til að auðvelda skilgreiningu umsjónaraðila og umsjónar. c) Draga mætti betur fram mikilvægi menningarminja og þau þekkingargöt sem enn eru til staðar varðandi kortlagningu á þessum minjum. d) Hnykk á mikilvægi þess að byggja ákvarðanir sem teknar eru á grunni niðurstaðna rannsókna í ferðamálafræði á sem breiðustum þekkingargrunni, bestu fánlegu upplýsingum hvað rannsóknir varðar og samráði við fræðasamfélagið. e) Ítrekað mikilvægi þess að styðja við þekkingargrunn um ferðaþjónustu eins og aðrar grunnatvinnugreinar. Sterkur þekkingargrunnur styðji einnig þessa áætlun.	a) Það hefur verið útskýrt betur að ábyrgð á innleiðingu er hjá umhverfis – og auðlindaráðuneyti, sem vinnur að því með verkefnisstjórn landsáætlunar. Í henni sitja fulltrúar lykirlaráðuneyta og sveitarfélaga. b) Þessi vinna byggir á skilgreiningu ferðamannastaða skv. lögum nr. 20/2016. c), d) og e) eru sjónarmið sem tengjast innleiðingu áætlunarinnar.
3	Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 26.2.2018	TGJ fagnar þeim áherslum sem er víða að finna í drögum og snúa að hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna og að fagþekking á sviði innviðaupbyggingar verði efl. Ljáð er máls á tveimur atriðum: a) Hvatt er til þess að umhverfissálfræði, sú fræðigrein sem fæst við samspil fólks og umhverfis t.d. með rannsóknnum á upplifun, viðhorfum og hegðun ferðamanna, verði hagnýtt og fái sitt rými í þeirri stefnu sem nú er verið að móta. Slíkt sé mikilvægt varðandi gæði uppbyggingar innviða. b) Rauntímatalningar fjölda ferðamanna verði teknar upp á á ferðamannastöðum og geti þær færst með sjálfvirkum hætti inn í miðlægan gagnagrunn.	Þessar ábendingar tengjast innleiðingu áætlunarinnar. Talningar á fjölda ferðamanna á helstu stöðum eru mikilvægar.
4	Ferðafélag Íslands 7.3.2018	a) Ferðafélag Íslands telur áætlanirnar vera mikið framfaraspor og fagnar t.d. styrkingu gönguleiða ásamt samtengingu þeirra þannig að gönguleiðanet verði mótað. b) FÍ leggur áherslu að langtímaáætlun haldi fast í áður mótaða grundvallarstefnu að uppbygging þjónustumiðstöðva með mikla þjónustu verði við jaðar hálendisins en alls ekki inni á hálendinu sjálfu. „Uppbyggingin á hálendinu verði hófstíllt, falli vel að umhverfi sínu og miðist við að vernda náttúruvaranir jafnframt að gefa ferðafólki tækifæri til að njóta umhverfisins án þess að spilla því. Verkefnaáætlunin verði til þess að	Þessar ábendingar tengjast margar innleiðingu áætlunarinnar. Landsáætlun leggur áherslu á að unnið sé samkvæmt ákvæðum landsskipulagsstefnu hvað varðar uppbyggingu á miðhálendinu.

		<p>lagfæra þau svæði á hálendinu sem þegar eru nýtt til ferðamennsku en verði ekki til þess að ný og jafnvel viðkvæm og verðmæt náttúruverndarsvæði verði röskuð.“</p> <p>c) FÍ telur helstu veikleika væntanlegrar landsáætlunar vera þá að hún er aðeins leiðbeinandi og felur ekki í sér nein fyrirmæli, hvað heldur valdheimildir, til þess að virkja þau góðu markmið sem þar koma fram. Nauðsynlegt er að þessu verði breytt í ákveðnum áföngum.</p> <p>d) Í umsögn félagsins eru sagt frá áformum um breytta þjónustu við ferðamenn á Laugaveginum í samráði við aðra sem koma að svæðinu og eru tilgreindar aðgerðir sem lúta margar að stýringu og skipulagi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Einstefna göngumanna á Laugaveginum sem tilraunaverkefni. • Fjölگون starfsmanna FÍ á Laugaveginum (rekstrarstjóri og gönguverðir). • Bókunarkerfi í tjaldgistingu á Laugaveginum. • Skipulag á brottförum göngumanna frá tjaldstæðum og skálum. • Hraðari uppbygging og endurnýjun á sæluhúsum á Laugaveginum og fjölþættari þjónusta. 	Hvort henti að ákvæði landsáætlunar verði bindandi verður skoðað við næstu endurskoðun hennar.
5	<p>Samband íslenskra sveitarfélaga</p> <p>9.3.2018</p>	<p>a) Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að mikilvægt sé að innviðaupbygging haldist í hendur við samgöngur að ferðamannastöðum. Í því skyni þarf að skilgreina hlutverk Vegagerðarinnar gagnvart ferðaþjónustu, svo sem varðandi gerð bílastæða við ferðamannastaði, gerð útskota við vinsæla útsýnisstaði og merkingar ferðamannastaða. Því þurfi að fylgja fjármagn.</p> <p>b) Augljóst samspil er á milli landsáætlunar og áfangastaðaáætlana landshluta og mikilvægt er að þær taki mið af hvor annarri.</p>	<p>a) Með tilurð landsáætlunar sbr. lög nr. 20/2016 gefst tækifæri til að samræmingar þeirrar uppbyggingar sem hún tekur til og samgönguáætlunar.</p> <p>b) Samspil þessara áætlana er mikilvægt og er sérstaklega tekið fyrir sem stefnumótandi áhersla.</p>
6	<p>Reykjanes jarðvangur ses.</p> <p>16.3.2018</p>	<p>Reykjanes jarðvangur kemur á framfæri áætlun UNESCO um hnattræna jarðvanga sem samþykkt var árið 2015 og telur eðlilegt að hún sé talið upp í viðeigandi köflum í greinargerð með stefnumarkandi landsáætlun og umhverfisskýrslu hennar.</p>	<p>Tekið til greina í kafla 1.2. í greinargerð.</p>
7	<p>Landvernd</p> <p>16.3.2018</p>	<p>Landvernd fagnar opinberri stefnumörkun um heildstæða uppbyggingu ferðamannastaða sem tekur mið af því meginsjónarmiði að vernda skuli náttúru- og menningarminjar landsins. Skýrleika vanti þó oft í stefnumótandi markmið og áherslur.</p> <p>a) Landvernd veltir því upp hvort betra hefði verið sem fyrsta skref að ríkið setti sér stefnu um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum í hreinni opinberri eigu/umsjón eingöngu, sérstaklega í ljósi breyttra laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Telur félagið að staðir sem styrkhæfir séu hjá FF hefðu ekki átt að fari inn í þessa fyrstu áætlun, né heldur staðir þar sem ágreiningur er um eignarhald/umsjón eða umsjón blönduð.</p> <p>b) Landvernd telur efnahagslegir hagsmuni skipa of stóran sess í skýrslunni.</p> <p>c) Félagið telur ekki koma nægilega skýrt fram hvert sé hlutverk ríkisins og hvað sveitarfélaga.</p> <p>d) Skerpa þarf forgangsroðun varðandi net ferðamannastaða og fylgja henni eftir í stefnunni, þ.e. hve margir staðir eiga að vera í því í upphafi, hvaða staðir þetta eru, hvernig uppbyggingu þeirra skuli háttað, o.s.frv. Félagið telur að betra hefði verið að velja færri staði inn á landsáætlun og láta 40-50 lykilstaði mynda fyrsta net (fjölda)ferðamannastaða.</p>	<p>a) Lög um landsáætlun taka til fleiri staða en eingöngu þeirra sem eru í eigu ríkisins.</p> <p>b) Orðalagi var breytt vegna þessa.</p> <p>c) Þessi vinna er í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og eitt markmiða hennar að treysta það samstarf og skýra verkaskiptingu.</p> <p>d) Að til verði net ferðamannastaða er eitt að markmiðum þessarar vinnu og er sett fram í stefnumótuninni. Fyrsta verkefnaáætlun er með um 70 stöðum.</p>

		<p>e) Umfjöllun vantar um áform um sameiningu nokkurra stofnana í svokallaða „Þjóðgarðastofnun“.</p> <p>f) Landvörslu og fræðslu ekki gert nægilega hátt undir höfði í stefnumarkandi áherslum, einkum í 6. kafla um stefnumótandi markmið og áherslur, og skilgreining landvarða sem innviðir þykir félaginu einkennileg.</p> <p>Í umsögn sinni kom félagið auk þess á framfæri ýmsum sértækum athugasemdum um orðalag.</p>	<p>e) Sameining stofnana ekki viðfangsefni þessarar vinnu. Í UAR hefur hins vegar verið unnið að skoðun á slíkri sameiningu.</p> <p>f) Til að mæta þessu betur var bætt við sérstökum lið um landvörslu í stefnumótunina.</p> <p>Ýmislegt orðalag var janframt lagfært.</p>
8	Fornleifastofnun Íslands ses. 17.3.2018	<p>Fornleifastofnun Íslands ses fagnar því að unnið sé að áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum á Íslandi til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum en vill koma á framfæri athugasemdum er snúa að fornminjum (menningarminjum) og fjalla aðallega um eftirfarandi:</p> <p>a) Í skýrslunni er hvergi gerð grein fyrir stöðu þekkingar á sviði menningarminja en skortur á slíkri yfirsýn hamlar skýrslunni mikið.</p> <p>b) Gríðarleg áhersla er lögð á friðlýstar minjar en sú skrá hefur verið í endurskoðun um árabil hjá Minjastofnun Íslands án þess að niðurstöður liggi fyrir. Meðan svo er hlýtur að teljast varhugavert að friðlýstar menningarminjar njóti forgangs, eins og kemur fram á bls. 10 í drögunum. Þess má geta að friðlýstar minjar eru aðeins lítið brot af minjastöðum hér á landi, líklega 0,2-0,5% af heildarfjölda (samtals um 850 staðir). Áætlað er að á landinu öllu séu allt að 300.000 fornminjar en aðeins hafa um 50.000 þeirra verið skráðar á vettvangi.</p> <p>c) Æskilegast væri að horfa heildrænt á landshætti á hverju svæði fyrir sig fremur en einstaka minjastaði, bæði hvað einkennir náttúru þeirra og menningarsögu. Í skýrslunni er hins vegar mjög skýr aðgreining milli náttúru- og menningarminja á stöðum/svæðum.</p> <p>d) Hugtakanotkun er víða óljós. Hugtökin menningarsögulegar minjar og menningarminjar eru notuð sitt á hvað og hvergi er gert ljóst hvernig þau eru skilgreind og hvort þau hafi sömu merkingu. Ekki er heldur útskýrt hvað felist í mun á hugtökunum friðlýstar/friðaðar minjar.</p>	<p>a) Það er ekki fjallað almennt um stöðu þekkingar, hvorki náttúru- eða menningarsögulegra minja í skýrslu verkefnisstjórnar.</p> <p>b) Áhersla var lögð á minjar sem eru friðlýstar við gerð fyrstu verkefnaáætlunar landsáætlunar.</p> <p>c) Þessi fyrsta áætlun hefur meginfókus á staði, eins og fjallað er um í inngangi. Stefnt er að því að vinna betur með svæðisnálgun í næsta áfanga.</p> <p>d) Orðanotkun hefur verið samræmd.</p>
9	Sævar Þór Halldórs-son 18.3.2018	<p>Ábendingar um notkun gagnagrunns um staði, svæði og leiðir, innviði og þjónustu á þessum stöðum, sbr. áhersluatriði 1.4. Umsagnaraðili mælir með uppbyggingu landupplýsingagrunns til að halda utan um og miðla upplýsingum til ferðamanna og annarra um ofangreint. Einnig nýttist landupplýsingar (þ.m.t. loftmyndir) til að leggja mat á álag og ástand staða og velja heppilega staðsetningu innviða m.t.t. árstíðabundinna þátta eins og vorleysinga. Mikilvægt sé að halda slíkum gagnagrunni í stöðugri þróun.</p>	<p>Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p>
10	Þjóðminjasafn Íslands 19.3.2018	<p>a) Þjóðminjasafn Íslands fagnar setningu laga nr. 20/2016 og vinnu við landsáætlun. Í umsögninni er sagt frá húsasafni Þjóðminjasafnsins og áformum stjórnvalda um tilnefningu m.a. torfhúsa ásamt menningarlandslagi á heimsminjaskrá UNESCO. Bent er á að menningarsögulegar minjar geti í sjálfu sér verið innviðir sem afmarka minjastaði eða stýra umgengni um þá. Hús í húsasafninu séu enn fremur að hluta til notuð til móttöku ferðamanna og geti í sumum tilvikum komið í stað uppbyggingar nýrra innviða.</p> <p>b) Að mati Þjóðminjasafns Íslands er í drögum að greinargerð með stefnumarkandi landsáætlun ekki getið nægjanlega um þann vanda sem glímt er við á minjastöðum vegna fjölgunar og ágangs ferðamanna. Minjastaðir séu allflestir af takmarkaðri stærð og erfitt að dreifa álagi á þeim og vandinn þar er síst minni en á stærri stöðum sem ferðamenn sækja</p>	<p>a) Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p> <p>b) Inngangstexti í greinargerð, breytingartillaga tekin til greina.</p> <p>c) Í lögum nr 20/2016 er kveðið á um gjaldtöku með svohljóðandi hætti: „Ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði sem njóta greiðsluþátttöku úr</p>

		<p>náttúrunnar vegna. Gerðar eru tillögur að orðalagsbreytingu í inngangi greinargerðar varðandi þetta.</p> <p>c) Þjóðminjasafnið gerir einnig athugasemd við kvaðir sem fram komi í greinargerð varðandi skilyrði um gjaldfrjálsa umferð almennings á stöðum sem eiga aðild að landsáætlun. Þetta sé ekki í samræmi við lög nr. 20/2016 og torveldi mjög aðild húsa Þjóðminjasafnsins þar sem innheimtur er aðgangseyrir.</p> <p>d) Þjóðminjasafnið leggur áherslu á að settar verði skýrar reglur um það á hvern hátt sé unnt að takmarka aðgang ferðamanna að einstökum menningarsögulegum minjum eða loka þeim tímabundið vegna viðgerða eða til þess að koma í veg fyrir ágang utan auglýsts opnunartíma og um viðurlög séu reglur brotnar.</p>	<p><i>ríkissjóði af því að þau eru í landsáætlun skulu vera opin gjaldfrjálsri umferð almennings eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Landeiganda er þó heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu.“</i></p> <p>d) Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar</p>
11	<p>Minjastofnun Íslands</p> <p>19.3.2018</p>	<p>a) Tryggja þarf aðkomu Minjastofnunar við uppbyggingu innviða á náttúruverndarsvæðum þar sem friðaðar menningarminjar er að finna. Mikilvægt að aðkoma Minjastofnunar einskorðist ekki við einstaka friðlýsta fornleifastaði.</p> <p>b) Í flestum tilvikum vantar fullnægjandi fornleifaskráningu svo hægt sé að taka tillit til friðaðra fornleifa við skipulag uppbyggingar, stýringu ferðamanna og mat á álagi, ástandi og innviðabörf.</p> <p>c) Minjastofnun bendir á að varðandi hönnun skilta við friðlýstar fornleifar verði að taka mið af 2. mgr. 22 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, en greinin kveður á um að skilti á slíkum stöðum skuli vera í samræmi við reglur sem stofnunin setur og séu háð samþykki hennar. Heimild sé til að fjarlægja skilti sé gerð og staðsetning ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur og kynnir.</p>	<p>Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p>
12	<p>Námsbraut í land- og ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísinda-deild Háskóla Íslands</p> <p>19.3.2018</p>	<p>Námsbraut í land- og ferðamálafræði Háskóla Íslands fagnar framkomnum drögum að landsáætlun og lýsir mikilvægi slíkrar stefnumótunar. Námsbrautin betur á nokkur atriði sem eru óljós að mati hennar:</p> <p>a) Hvernig standa eigi að vali þeirra staða sem eiga að vera byggðir upp í neti fjölbreyttra náttúru- og minjastaða og hverjir eigi að koma að því vali.</p> <p>b) Hvort og þá hvernig flokkun sé að baki uppbyggingu innviða á hverjum stað, þ.e. hversu mikil og hvernig uppbygging á að vera hvar.</p> <p>c) Hvernig skilgreiningar á hugtökunum ferðamannastaður, -svæði, og -leið, sem eru mjög víðar í lögunum, byggja undir áætlunina.</p> <p>d) Hverjir eigi að koma að stefnumótun um uppbyggingu innviða bæði staðbundið og á landsvísi og hvaða sjónarmið eigi að liggja til grundvallar (t.d. viðhorf hagsmunaaðila eða ástand svæða).</p> <p>e) Hver sú hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sem unnið er eftir, þ.e. hvort unnið sé að stefnu um sjálfbærni allra þátta ferðamennsku á ákveðnu svæði þar sem allir hagsmunaaðilar komi að borðinu.</p> <p>f) Hvernig meta eigi sjálfbæra þróun áfangastaða og –svæða, og/eða hvernig eigi að efla þekkingu á sjálfbærni.</p> <p>g) Hver meti og verndi gildi staða andspænis innviðauppbyggingu.</p> <p>h) Hver beri ábyrgð á framkvæmdum á hverjum stað.</p> <p>i) Loks bendir námsbrautin á að vöxtur sé í hjóla- og hestaferðum og því sé einnig mikilvægt að efla slíkar leiðir á næstu árum. Áhrif þessara tegunda ferðamennsku á vistkerfi landsins eru mun meiri en stafar af gönguferðum.</p>	<p>Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p> <p>Almenn stefnumótun um sjálfbærni allra þátta ferðamennsku og eins og lýst er í lið e) er víðtækara en lög nr. 20/2016 ná til.</p>
13	<p>Samtök ferðaþjónustunnar</p>	<p>Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að þetta mikilvæga mál skuli komið í farveg. Einnig vilja samtökin sérstaklega fagna áherslu á aukinni fagþekkingu og aðgengi að henni. Loks fagna þau áherslu á að fara eigi í þá</p>	<p>Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p>

	19.3.2018	<p>vinnu að skilgreina umsjónaraðila ferðamannastaða og benda á að stofnun Þjóðgarðsstofnunar ætti að geta einfaldað slíka vinnu.</p> <p>a) Samtökin eru almennt sátt við þá hugmyndafræði og áherslur sem fram koma í tillögunni, en vilja leggja áherslu á að unnið verði að samræmingu og samhæfingu við aðrar áætlanir og verkefni sem í unnið er að á sama tíma, t.d. samgönguáætlun og byggðastefnu og áfangastaðaáætlanir.</p> <p>b) SF benda á að sum verkefni landsáætlunar séu einnig viðfangsefni Vegagerðarinnar og best færi á að t.d. hjólaleiðir og áningarstaðir við Þjóðveg væru til framtíðar vistuð innan samgönguáætlunar.</p> <p>c) SF taka undir og hvetja til að sem fyrst verði farið í að móta skilvirkar leiðir til stýringar á aðgengi ferðamanna um viðkvæm svæði með hliðsjón af ákvæðum um almannarétt. Stýringar séu ekki síður mikilvægar með tilliti til öryggis- og gæðamála og benda samtökin séstaklega á aukningu í vetrarferðamennsku.</p> <p>d) Bent er á mikilvægi reksturs og viðhalds innviða.</p> <p>e) SF vænta þess að frekar verði unnið með ferðamannaleiðir í tengslum við innleiðingu.</p>	
14	Ferðamála stofa 15.3.2018	<p>Ferðamálastofa fagnar gerð áætlunarinnar og tilurð vinnu við fullnægjandi umgjörð um ferðamannaleiðir. Lagt er til að viðbótarfjármagni verði veitt til landvörslu. Leggur stofnunin ríka áherslu á að við innleiðingu stefnumarkandi landsáætlunar verði byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram á hennar vegum. Á þetta m.a. við verkefni <i>Áfangastaðaáætlanir landshlutanna</i>, <i>Endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna</i> og <i>Kortlagning auðlinda ferðapjónustunnar</i> (samnýting eða samrekstur gagnagrunns). Í umsógninni tiltekur stofnunin dæmi úr stefnumótandi markmiðum og áherslur þar sem byggja má á slíkri vinnu. Auk þess er bent á fjölþjóðlega verkefnið <i>The Wild North</i> en á vegum þess komu út leiðbeiningar (e. code of conduct) um ferðamennsku byggðri á skoðun villtra dýra.</p>	Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.
15	Umhverfis stofnun 19.3.2018	<p>a) Umhverfisstofnun bendir á að lykilþáttur varðandi ásókn í að heimsækja svæði sé aðgengi að þeim og innan þeirra. Mjög krefjandi sé að hlífa svæðum sem þegar séu orðin þekkt fyrir heimsóknum ferðamanna. Því sé lyklatríði að innviðir þar dragi ekki úr náttúrulegum verðmætum og tryggi verndun til lengri tíma. Gera þurfi ráð fyrir því að draga þurfi úr ásókn á einhver svæði með stýringu eða jafnvel árstíðabundnum lokunum.</p> <p>b) Stofnunin tekur undir nauðsyn þess að setja reglur um landgöngu ferðamanna af skipum utan hafna og lágmarksfjarlægð skipa og léttabáta frá t.d. fuglabjörgum og tekur í umsógn sinni dæmi af Vestfjörðum.</p> <p>c) Umhverfisstofnun bendir á að á veturna geta skilti, leiðbeiningar og aðrir innviðir farið á kaf í snjó og ís. Margir staðir séu viðkvæmir fyrir ágangi á veturna og aðstæður þar geti auk þess reynst ferðamönnum hættulegar. Kanna þurfi leiðir til að leiðbeina ferðamönnum á veturna þegar hefðbundnir öryggisinnviðir skili e.t.v. ekki hlutverki sínu að fullu.</p> <p>d) Kafli 4.3. um efnisval. Stofnunin bendir á að erfitt sé að finna endingargóðan og viðhaldslítinn efnivið í nærumhverfi staða. Þetta sé sérstaklega krefjandi á fjölsóttum stöðum vegna kröfu um aðgengi og öryggi gesta allan ársins hring. „Varðandi upplifun ferðamanna þá er hún misjöfn eftir því hverju ferðamaðurinn sækist eftir. Ferðamaðurinn sem vill upplifa óraskaða náttúru hefur lítið þol fyrir uppbyggingu innviða á meðan ferðamaður sem leitar að góðri þjónustu hefur mikið þol fyrir sýnilegum innviðum. Mikilvægast er að náttúra svæðisins og vernd hennar sé í forgangi.“</p>	Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.

16	Landgræðsla ríkisins 19.3.2018	<p>a) Landgræðsla ríkisins lýsir ánægju sinni með áherslur landsáætlunar, svo sem varðandi sjálfbærni, og vernd náttúru og mögulegar leiðir varðandi stýringu á ferðamannastöðum. Mikilvægt sé að hverfa frá þeirri stefnu að dreifa ferðamönnum sem víðast.</p> <p>b) Stofnunin fagnar einnig áherslu á eflingu fagþekkingar í uppbyggingu og vernd náttúru á ferðamannastöðum. Minnir hún á verkefnið ASCENT í þessu samhengi.</p> <p>c) Loks fagnar stofnunin því að sveitarfélög séu hvött til að endurskoða skipulagsáætlanir m.t.t. ferðamennsku. Við samhæfingu skipulagsáætlana og <i>áfangastaðaáætlana landshlutanna</i> þurfi sveitarfélög að gæta vel að sjónarmiðum sjálfbærni og náttúruverndar.</p>	<p>Ábendingar sem tengjast innleiðingu stefnunnar.</p> <p>Landgræðslan mun eiga fulltrúa í starfshópi um eflingu fagþekkingar.</p>
----	-----------------------------------	--	--

Tafla 2. Umsagnir um umhverfisskýrslu.

Nr.	Innsendandi	Dags.	Efni	Afgreiðsla/Hvernig tekið hefur verið tillit til umsagna
1	Kristinn Pétursson	18.2.2018	Almenn ábending þess efnis að skýrt sé að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið á sínu svæði samkvæmt skipulagslögum. Ábendingin er rökstutt í fjórum liðum.	Þarf ekki að bregðast við í samhengi umhverfismatsskýrslu.
2	Reykjanes jarðvangur ses.	16.3.2018	Reykjanes jarðvangur kemur á framfæri áætlun UNESCO um hnattræna jarðvanga sem samþykkt var árið 2015 og telur eðlilegt að hún sé talið upp í viðeigandi köflum í greinargerð með stefnumarkandi landsáætlun og umhverfisskýrslu hennar.	Tekið til greina.
3	Jón Guðmundur Guðmundsson	18.3.2018	Almenn ábending um efni annarrar áætlunar en þá sem hér er til umsagnar. Innsendandi gerir athugasemd við tilvísun í skilgreiningu landsskipulagsstefnu á ferðamannaleiðum, einkum á hálendi, þar sem þær séu eingöngu reiðvegir, göngu- og hjólaleiðir og skuli aðskildar frá meginvegakerfi hálendisins. Með þessu sé ekki tekið nægilegt mið af akandi umferð á hálendi.	Þarf ekki að bregðast við í samhengi umhverfismatsskýrslu.
4	Már Einarsson f.h. Þjóðminjasafns Íslands	19.3.2018	a) Þjóðminjasafnið bendir á að auk umfjöllunar um skuldbindingar stjórnvalda vegna heimsminjasamnings UNESCO eigi umhverfisskýrslan einnig að taka til umfjöllunar svokallaða yfirlitsskrá Íslands fyrir heimsminjaskrá (e. tentative list), en þar er að finna lista yfir staði sem til greina kemur að tilnefna. Slíkir staðir gætu hlotið tilnefningu á gildistíma tólf ára áætlunarinnar. b) Bent á misræmi í hugtakanotkun, í stað jarðfastra minja eiga að nota orðið fornleifar sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. c) Bent á óljósan texta um greiningu á ástandi staða...sem felist m.a. í greiningu á tilteknum menningarminjum á staðnum. d) Bent á glöppur í heimildaskrá sem lúta að lögum og stefnumótun sem tengist Þjóðminjasafni.	a) Tekið til greina. b) Tekið til greina. c) Átt er við verkfærið <i>ástandsmat ferðamannastaða</i> sem Umhverfisstofnun hefur þróað en það gefur almennt yfirlit um ástand tiltekins ferðamannastaðar m.t.t. margvíslegra þátta. d) Tekið til greina varðandi lög nr. 140/2011 um Þjóðminjasafn Íslands. Heimildaskrá í umhverfismati gefur yfirsýn yfir það efni sem stuðst var við en er ekki tæmandi listi yfir alla tengda löggjöf og stefnumótun.
5	Ungir umhverfissinnar	19.3.2018	Félagið fagnar vinnu við landsáætlun, þ.m.t. gerð umhverfisskýrslunnar, og gerir ekki athugasemdir við hana.	Þarf ekki að bregðast við í samhengi umhverfismatsskýrslu.
6	Fjarðabyggð	19.3.2018	Sveitarfélagið fagnar vinnu við landsáætlun en bendir jafnframt á auknar kröfur hins opinbera á hendur sveitarfélaga varðandi m.a. deiliskipulagsgerð. Slíkum kröfum þurfi að fylgja fjármagn. Bent er á að staða sérfræðings landshlutans hjá Umhverfisstofnun sé staðsett í Reykjavík. Loks bendir sveitarfélagið á að landvarsla þurfi að vera fyrir fleiri svæði en einungis þau sem séu friðlýst.	Þarf ekki að bregðast við í samhengi umhverfismatsskýrslu.